

**Heidelberg Materials Norður-Evrópa Siðareglur birgja**

Mars 2024

Almennt er starfsemi okkar háð viðeigandi landslögum og reglugerðum sem fjalla um umhverfisvernd, vöruöryggi og félagsleg velferðarmál. Umfram það þá er það stefna Heidelberg Materials að fara formlega fram á það að allir birgjar okkar virði meginreglur siðareglna okkar og tileinki sér venjur sem eru í samræmi við þær.

Siðareglur birgja sem við höfum sett byggja á Heidelberg Materials „Siðareglunum“ og er leitast við að siðareglur birgja séu í samræmi við alþjóðlega staðla um vinnuvernd og velferð starfsmanna og er gerð krafa um viðeigandi stjórnunarkerfi, sem byggja á leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, meginatriðum vinnustaðla Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í aðfangakeðju okkar, og þýsku lögnum um áreiðanleikakönnun fyrirtækja í aðfangakeðjum. Jafnframt byggja samræmiskerfi á alþjóðlegum viðurkenndum stöðlum um mannréttindi sem samþykktir eru í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Heidelberg Materials metur náð og árangursríkt samband við birgja sína mikils. Þessar siðareglur birgja sem gilda á heimsvísu, eru grundvöllur fyrir öll okkar samningstengsl. Því skulu allir birgjar fylgja þeim meginreglum sem koma fram í þessum siðareglum birgja og sýna sanngjarna viðleitni við að innleiða þessar reglur í þeirra aðfangakeðjur. Enn fremur skulu birgjar ábyrgjast að þeir krefjist þess af sínum birgjum að þessum meginreglum sé fylgt og sýni kostgæfni við að sannreyna að farið sé að þessum reglum í aðfangakeðjum þeirra.

Vinnuskilyrði/Vinnuafli

1. Birgjar skulu ekki notast við barnþrælkun af neinni tegund í starfsemi sinni. Birgjar skulu fylgja vinnustöðlum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um lágmarksaldur í störf. Í því felst að lágmarksaldur til starfa og fjöldi unna klukkustunda á viku skal ákvarða í samræmi við landslög og staðla Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í meginatriðum þýðir þetta að ekki megi ráða börn sem eru yngri en 15 ára og á skólaskyldualdri samkvæmt lögum þeim sem gilda um viðkomandi vinnustað. Undantekningar geta átt við í þeim löndum sem innleitt hafa undanþágur í samræmi við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunar nr. 138.
2. Birgjar skulu fylgja samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um verstu gerðir af barnavinnu fyrir börn sem eru undir 18 ára aldri. Þetta felur einkum í sér, en takmarkast þó ekki við: hvers kyns þrælkun eða starfshætti sambærilega þrælkun, nýtingu, öflun eða boð um barnavændi, ólöglegar athafnir eða vinnu sem líkleg er til að skaða heilsu, öryggi eða siðferði barna.
3. Birgjar skulu greiða fullnægjandi framfærslulaun; skulu þau nema a.m.k. lágmarkslaunum samkvæmt gildandi lögum.
4. Ekki skal notast við hvers kyns nauðungarvinnu eins og skilgreint er af nauðungarvinnustaðli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, t.d. skuldaánauð, mansal, ráðningargjald eða halda aftur skilríkjum starfsmanns.
5. Birgjar skulu ekki beita neinskonar þrælkun, starfsháttum sambærilegum þrælkun, ánauð eða annarskonar freklegum yfirráðum eða kúgun á vinnustað, svo sem með efnahagslegri eða kynferðislegri misneytingu og niðurlægingu. Þetta felur einnig í sér nauðungarvinnu í fangelsum. Birgjar skulu ekki skerða ferðafrelsi starfsfólks eða rétt þeirra til þess að hætta störfum með hæfilegum fyrirvara.
6. Birgjar skulu virða rétt starfsfólks til félagafrelsis og í samræmi við gildandi lög um vinnustaðinn skulu birgjar viðurkenna rétt starfsfólks til verkfalla og gerð kjarasamninga.
7. Birgjar skulu tryggja örugg og heilbrigð vinnuskilyrði sem uppfylla eða ganga lengra en viðeigandi kröfur um vinnuvernd samkvæmt gildandi lögum um vinnustaðinn. Birgjar skulu hafa viðeigandi verklagsreglur til að draga úr hættu á vinnuslysum eða öðrum hættum tengdum starfinu, einkum en þó ekki takmarkað við fullnægjandi öryggisstaðla við starfsemi og viðhald á vinnustaðnum og við vinnubúnað og ráðstafanir til að koma í veg fyrir óhóflega líkamlega og andlega þreytu (sérstaklega varðandi viðeigandi vinnutíma og hvíldarhlé).
8. Ef birgjar nota einka- eða opinbera öryggisþjónustu til verndar fyrirtækinu eða starfsfólki skulu birgjar leiðbeina og hafa eftirlit með öryggisþjónustuveitanda til að forðast hvers kyns ólöglegt vald eða kúgun. Þetta felur einkum í sér, en takmarkast ekki við, pyntingar, grimma, ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð, tjón á lífi eða limum og skerðingu félagafrelsis.
9. Birgjar skulu ekki taka þátt í neinum athöfnum eða athafnarleysi sem brýtur í bága við skyldur til athafna sem gengur lengra en nr. 1 til 8 í þessum kafla („Vinnuskilyrði/Vinnuafli“), nr. 1 og 2 í kaflanum „Umhverfisstaðlar“ sem og nr. 6 í kaflanum „Viðskiptasiðferði“, sem er beinlínis til þess fallið að skerða verndaða réttarstöðu á sérlega alvarlegan hátt, og ólögmati þess er augljóst við eðlilegt mat á aðstæðum hverju sinni.



Umhverfisstaðlar

Birgjar skulu uppfylla öll lagaskilyrði sem eiga við um vörur þeirra, þjónustu og starfsemi sem og eftirfarandi meginreglur:

1. Starfsemi birgja skal ekki valda neinum skaðlegum jarðvegsbreytingum, vatnsmengun, loftmengun, skaðlegum hávaða eða óhóflegri vatnsnotkun sem skerðir verulega náttúrulegan grundvöll til varðveislu og framleiðslu matvæla, meinar manni aðgang að öruggu og hreinu drykkjarvatni, gerir manni erfitt fyrir að komast í hreinlætisaðstöðu eða eyðileggur hana eða skaðar heilsu manns.
2. Ólögmatúr brottflutningur og ólögmat taka lands, skóga og vatna eru óheimil við öflun, þróun eða aðra nýtingu lands, skóga og vatna, sem tryggir lífsviðurværi manns.
3. Birgjar skulu tryggja að þeir framleiði ekki vörur sem bættar eru með kvikasilfri í skilningi 1. mgr. 4. gr. og I. hluta viðauka A við Minimata-sáttmálann um kvikasilfur, eftir útilokunardagsetninguna sem tilgreind er fyrir viðeigandi vörur í sáttmálanum.
4. Birgjar skulu tryggja að þeir noti ekki kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd í framleiðsluferlum í skilningi 2. mgr. 5. gr. og I. hluta viðauka B við Minimata-sáttmálann, eftir útilokunardagsetninguna sem tilgreindur er í þeim viðauka.
5. Birgjar skulu tryggja að þeir meðhöndli ekki kvikasilfursúrgang á þann hátt sem stangast á við 3. mgr. 11. gr. Minimata-sáttmálans.
6. Birgjar skulu tryggja að þeir framleiði ekki eða noti þrávirk lífræn efni (talin upp í viðauka A við Stokkhólms-sáttmálann um þrávirk lífræn efni) í andstöðu við 1. mgr. 3. gr. sáttmálans.
7. Birgjar skulu tryggja að þeir meðhöndli ekki, safni, geymi og/eða fargi úrgangi sem inniheldur þrávirk lífræn efni á þann hátt sem ekki er umhverfisvænn í samræmi við gildandi reglugerðir í viðeigandi lögsögu samkvæmt ákvæðum (i) og (ii) d-liðar 1. mgr. 6. gr. Stokkhólms-sáttmálans um þrávirk lífræn efni.
8. Birgjar skulu tryggja að þeir flytji ekki út hættulegan úrgang eða annan úrgang (eins og skilgreint er í 1. og 2. mgr. 1. gr. Basel-sáttmálans um eftirlit með flutningum yfir landamæri á úrgangi og förgun þess) í andstöðu við b- og c- lið 4. gr., 5. mgr. 4. gr., 8. mgr. 4. gr. eða 4. gr. a sáttmálans, og birgjar skulu tryggja að þeir flytji ekki inn hættulegan úrgang eða annan úrgang (eins og skilgreint er í 1. og 2. mgr. 1. gr. sáttmálans) frá aðila sem ekki er aðili að sáttmálanum.

Viðskiptasiðferði

1. Birgjar skulu stunda viðskipti sín af heilindum. Engar greiðslur, þjónustur, gjafir, skemmtun eða aðrir kostir skulu boðnir eða veittir starfsmanni Heidelberg Materials, sem ætlað er að hafa áhrif á það hvernig starfsmaður Heidelberg Materials eða þriðji aðili sinnir skyldum sínum.
2. Gert er ráð fyrir því að birgjar haldi óhlutdrægum samböndum við viðskiptavini, birgja og aðra viðskiptamenn, og tryggi að hagsmunaárekstrar séu meðhöndlaðir á viðeigandi hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur. Birgjar skulu upplýsa Heidelberg Materials um alla hagsmunaárekstra sem koma upp í tengslum við eða tengjast Heidelberg Materials og/eða einhverja af starfsmönnum þess.
3. Öll fjármálaviðskipti skulu fara fram í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og skulu birgjar ekki undir neinum kringumstæðum vera meðsekir í peningaþvætti og/eða fjármögnun hryðjuverka.
4. Birgjar skulu sjá til þess að þeir hafi ekki aðhafst á neinn hátt sem brýtur í bága við viðurlög og löggjöf um útflutningseftirlit, þar með talið, en ekki takmarkað við löggjöf sem hefur verið hefur sett af Sameinuðu þjóðunum, Bandaríkjunum, Bretlandi, ESB eða hvaða ESB-ríki sem er.
5. Birgjar skulu virða og fara eftir lögum, reglugerðum og meginreglum sem stuðla að sanngjarni og frjálsri samkeppni og banna starfsemi, samninga og fyrirkomulag sem er samkeppnishamlandi.
6. Áreitni eða óréttmæt misjöfn meðferð í starfi í hvaða formi sem er, er bönnuð. Misjöfn meðferð felur í sér en takmarkast þó ekki við greiðslu misjafns endurgjalds fyrir jafnverðmæt störf, sem og hvers kyns vinnutengdri misjafnri meðferð af ástæðum sem tengjast en takmarkast ekki við kyn, þjóðerni eða þjóðernisuppruna, félagslegan uppruna, heilsufar, stjórnmálaskoðanir, húðlið, kynþátt, trú eða lífsskoðun, kynhneigð, fötlun eða aldur.
7. Ætlast er til þess að birgjar hafi viðeigandi innri farveg fyrir tilkynningar, til að tryggja að regluáhætta og hugsanleg misferli verði uppgötvað og brugðist við sem fyrst.

Verndun þessara viðmiða er langtíma lærdóms- og þróunarferli. Heidelberg Materials er skylt samkvæmt lögum að framkvæma reglulega áhættumat í mismunandi fornum. Í tilfelli auðkenndri áhættu hjá birgja, samþykkir birginn að Heidelberg Materials hafi rétt til að grípa til aðgerðaáætlana sem innihalda sérstakar ráðstafanir, þar á meðal en ekki takmarkað við, sjálfsmat, þjálfun og úttektir á birgjanum til að sannreyna að þessum viðmiðum sé fylgt eftir og til að draga úr greindri áhættu. Heidelberg Materials mun vinna með birgjum sínum að því að viðmiðum þessum verði fylgt, en áskilur sér þó einnig rétt til þess að slíta sambandi við birgja ef allar tilraunir til að bæta úr tilgreindum vanefndum á þessum siðareglum birgja takast ekki.

Birgjar, beinir og óbeinir, og starfsfólk þeirra, getur tilkynnt um áhyggjur varðandi hegðun sem ekki er í samræmi við siðareglur þessar, gildandi lög eða Heidelberg stefnur og reglur, í gegnum reglakerfi okkar „SpeakUp“: <https://heidelbergmaterials.speakup.report/speakup>